

1. Kafli.....	3
Efnistökn	3
Helstu niðurstöður	4
Myndskýringar	8

1. Kafli

EFNISTÖK, HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG MYNDSKÝRINGAR

1.1

Efnistöð

Við upplýsingaöflun var fyrst leitað í opinber og/eða birt gögn. Höfð var hliðsjón af atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ISAT95. Hjá Þjóðhagsstofnun fengust upplýsingar um einstakar atvinnugreinar, skv. fyrrgreindri flokkun. Einnig voru nýttar upplýsingar frá Fjármálaeftirliti, Hagstofu og Ríkisskattstjóra. Í ljós kom að skiptingin í atvinnugreinar féll ekki alveg að upplýsingaþörfinni vegna úttektarinnar. Þurfti því að aðgreina einstaka markaði frekar á grundvelli samkeppnissjónarmiða. Það tókst ekki í öllum tilvikum.

Fljótlega varð ljóst að opinberar og birtar upplýsingar mundu ekki nægja, og var því eins og 1994 ráðist í að senda spurningalista til fyrirtækja. Heimtur frá fyrirtækjunum voru viðunandi þótt öll svör hafi ekki verið fullnægjandi. Svör fyrirtækjanna voru skráð í gagnagrunn ásamt ýmsum upplýsingum frá opinberum aðilum. Samhliða þeirri upplýsingaöflun sem að framan er lýst var endurhannaður og settur upp hugbúnaður til að nota við greiningu og frekari úrvinnslu gagnanna.

Í öðrum kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir fjölda og stærð fyrirtækja í hverri atvinnugrein eða markaði fyrir sig. Í skýrslunni er hugtakið markaður notaður í almennri merkingu. Þess ber því að geta að markaður er ekki skilgreindur í þessari úttekt eins og gert er í samkeppnislögum þó að reynt hafi verið að hafa samkeppnisleg sjónarmið að leiðarljósi. Nánari grein er síðan gerð fyrir eignarhlutdeild og stjórnendum stærstu fyrirtækjanna á hverjum markaði. Það gefur að skilja að engin leið var að tilgreina alla eigendur í hverju einstöku

fyrirtæki. Þess vegna var brugðið á það ráð að tilgreina stærstu eigendurna. Þegar samanlögð eignarhlutdeild þeirra hafði náð 40% var í flestum tilfellum látið staðar numið. Einnig eru stjórnendur sömu fyrirtækja tilgreindir. Hugsunin að baki því að miða við 40% var sú að í mörgum tilfellum geta þeir, sem eiga 40% í fyrirtæki, náð þar yfirráðum. Þegar minnst er á úrtak í skýrslunni er átt við þá eigendur, sem eiga samanlagt a.m.k. 40% í einstökum fyrirtækjum og tilgreindir eru í töflum, eða eign þess hóps sem skoðaður er sérstaklega hverju sinni og tilgreindur er.

Stærð fyrirtækjanna er jafnan miðuð við veltu þeirra (sbr. annan kafla). Ein undantekning er á þessu. Skífurit um lífeyrissjóði er miðað við hreina eign vegna sérstakra greiðslna árið 1999. Aðrir mælikvarðar á stærð fyrirtækja eru einkum fjöldi ársverka og heildareign. Beinast þótti liggja við að miða við veltu þar sem styrkur fyrirtækja er mjög tengdur umsvifum þeirra. Talnaefni í skýrslunni miðast við árið 1999 og upplýsingar um stjórnendur taka mið af ákvörðunum aðalfunda á árinu 1999.

Eins og síðast er valin myndræn framsetning á efni skýrslunnar. Nánari grein verður gerð fyrir henni í myndskýringum hér á eftir og í aðfaraorðum að köflum tvö og þrjú.

1.2

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður könnunar samkeppnisyfirvalda á eigna- og stjórnunartengslum í íslensku atvinnulífi eru:

1. - Lítil tengsl eru milli eignar og valds.
Stjórnarmenn og stjórnendur stærstu fyrirtækja landsins eiga sjálfir lítinn eða engan hlut í þeim fyrirtækjum sem þeir eru í forsvari fyrir.

Eignarhaldið sjálft hefur þróast þannig að stærstu eigendur eiga stærri hlut 1999 en þeir áttu 1993.

Aukinn hlutur lífeyrissjóða í atvinnulífinu og dreifð sala hluta til almennings hefur dregið úr tengslum milli eignar og valds.

2. - Fákeppni er áberandi í íslensku atvinnulífi.

Eitt til fjögur fyrirtæki eru iðulega leiðandi á mörkuðunum.

Þessi niðurstaða á við í enn ríkara mæli 1999 en 1993 vegna meiri samþjöppunar innan markaða og milli markaða.

3. - Áhrif ríkisins í atvinnulífinu eru mikil og margvísleg.

Áhrif ríkisins í atvinnulífinu byggja að hluta á umsvifum samfara vel á annað hundrað milljarða króna eignarhluta í atvinnufyrirtækjum, að hluta á valdi til að úthluta takmarkaðri aðstöðu til atvinnurekstrar og að hluta á því að setja atvinnulífinu reglur og líta eftir framkvæmd þeirra. Þrátt fyrir einkavæðingu og sölu á fyrirtækjum ríkisins hefur hlutur ríkisins í atvinnulífinu vaxið að verðgildi og hlutfalli. Helsta skýringin er að fyrirtæki í ríkiseign hafa vaxið og dafnað umfram atvinnulífið í heild. Síðan 1999 hefur þó heldur dregið úr þátttöku ríkisins í atvinnulífinu og virðist að svo muni fram halda á næstu misserum.

4. - Merki eru um að í atvinnulífinu séu “blokkir” fyrirtækja, þar sem fyrirtæki í “blokk” tengjast eigna- og stjórnunarlega.

Stærstu fyrirtækin á sviði trygginga, olíuverslunar, flutninga og ferðapjónustu tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi. Stjórnunartengsl eru einnig mikil þar sem sömu aðilar sitja í stjórnnum þessara fyrirtækja og veita þeim forystu. Lýsingin hér að framan fyrir árið 1999 er lík lýsingu á stöðunni 1993 en nýjar „blokkir” hafa síðan litið dagsins ljós. Þrjár þeirra eru mest áberandi. Ein er á sviði verslunar en hinar tvær

eru í hátæknigreinum. Önnur þeirra er á sviði margmiðlunar með ljósvakafjölmiðlun sem burðarás en hin er í upplýsingaiðnaði þar sem samþjöppun eykst hröðum skrefum.

5. - Eignarhald er ekki eins gagnsætt og skyldi.

Fyrirtæki og eigendur þeirra, ekki síst þau sem eru innan „blokkanna”, hafa flutt eignarhluti til innlendra eignarhaldsfélaga sinna. Einnig komu fram vísbendingar um að íslenskir aðilar hafi stofnað eignarhaldsfélög erlendis sem eiga síðan hlut í íslenskum fyrirtækjum. Þessi eignarhaldsfélög eru utan lögsögu íslenskra stjórnvalda og ýmsum annmörkum háð að afla upplýsinga um eigendur þeirra.

Smæð íslenska markaðarins og fákeppni á honum eins og getið er í lið tvö hér að framan skapa hættu á að til verði markaðsráðandi staða sem hægt sé að misnota. Á móti kemur að á undanförnum árum hefur dregið úr einangrun íslenska markaðarins og nægir í því sambandi að minna á EES-samninginn. Ef íslensk fyrirtæki misbeita valdi sínu vofir yfir þeim að erlend fyrirtæki hasli sér völl á íslenska markaðnum og/eða að samkeppnisreglum verði beitt.

Athygli vekur mikil samþjöppun sem orðið hefur í upplýsingaiðnaði á stuttum tíma. Virðist því á þeim markaði gæta sömu tilhneigingar til fákeppni eins og víða annars staðar í íslensku atvinnulífi.

Til að nefna nokkur atriði, sem imprað er á í lið fjögur að framan, þá vekur umfang lífeyrissjóðanna athygli t.d. á fjármagnsmarkaðnum. Fjárfesting lífeyrissjóðanna í fyrirtækjum leiðir gjarnan af sér stjórnarsetu í þeim. Þar er um að ræða tilvik, reyndar eitt af mörgum, þar sem einstaklingar fá völd í fyrirtækjum án þess að þeir eigi í þeim sjálfir. Þá kemur í ljós sú tilhneiging að Samvinnulífeyrissjóðurinn fjárfestir frekar í fyrirtækjum sem áður höfðu tengsl

við Samband íslenskra samvinnufélaga. Lífeyrissjóður verslunarmanna fjárfestir aftur á móti gjarnan í annarri “blokk”. Því er eðlilegt að spurt sé, hvað var haft að leiðarljósi við fjárfestinguna? Með fjárfestingu er hér átt við að lífeyrissjóðirnir eignist hlut í fyrirtækjum. Fjárfesting lífeyrissjóðanna í hlutabréfum hefur aukist verulega frá 1993.

Þá vekur athygli eignarhlutdeild olíufélaganna í ýmsum útgerðarfélögum. Þótt það hafi ekki verið kannað má ætla að þessi fjárfesting hafi komið til vegna greiðsluerfiðleika útgerðarfyrirtækja frekar en að olíufélögin hafi haft það á stefnuskrá sinni að eignast hlut í útgerðarfyrirtækjum. Olíufélögin hafa þó ekki selt þessa hluti sína þegar betur hefur árað hjá útgerðinni. Það sem beinir sjónum sérstaklega að málinu er hinn sterki réttur útgerðarfyrirtækjanna til að nýta fiskimiðin, sem flestir líta á sem fjöregg þjóðarinnar, og hið nána samband olíufélaganna við erlend stórfyrirtæki. Rétt er að vekja athygli á að „fyrirtækjablokkir” hafa aukið hlut sinn í útgerð frá 1993 og spyrðast þar gjarnan hagsmunir eins og eldsneyti, tryggingar og flutningar saman við hagsmuni útgerðarinnar. Við þessar aðstæður myndu stöðluð útboð á aðföngum útgerðarinnar stuðla að aukinni samkeppni.

Innlánsstofnanir hafa farið inn á önnur svið á fjármálamarkaði t.d. verðbréfavíðskipti og lítið fer fyrir fyrirtækjum á þessum vettvangi sem ekki eru tengd grónum fyrirtækjum á innlánamarkaði.

Lánstofnanir eignast stundum fyrirtæki sem hafa orðið gjaldþrota. Hér er oftast um tímabundna eign að ræða til að tryggja hagsmuni lánastofnana. Undir slíkum kringumstæðum er mikilvægt að lánastofnanir raski ekki samkeppnisstöðu á markaðnum með óeðlilegri fyrirgreiðslu til fyrirtækja í þeirra eigu. Í seinni tíð hafa bankar keypt fyrirtæki að eigin frumkvæði. Eignist banki fyrirtæki á samkeppnismarkaði bíður það heim hættu á hagsmunaárekstrum. Það á ekki síst við ef bankinn hefur vitneskju um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar keppinauta fyrirtækisins sem bankinn eignaðist.

Flutningastarfsemi hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Sjóflutningar milli landshluta hafa dregist saman en landflutningar vaxið að sama skapi. Samtímis hafa tvö stærstu sjóflutningafyrirtækin fært út kvíarnar í landflutningum með yfirtöku og uppkaupum. Í annarri flutningastarfsemi s.s. pakkasendingum og vöruflutningamiðlun hafa sjóflutningafyrirtækin aukið umsvif sín með allskonar samstarfi og með kaupum á fyrirtækjum sem fyrir voru á markaðnum.

Skýrslan ber með sér að á ýmsum sviðum atvinnulífsins eru til staðar stór fyrirtæki miðað við íslenskar aðstæður og jafnframt að tengsl eru þeirra á milli. Sem dæmi má nefna Eimskipafélag Íslands og Flugleiðir á flutningamarkaði - en þeim fyrirtækjum tengjast einnig hótél, bílaleigur, ferðaskrifstofur - og auk þess Sjóvá-Almennar og Olíufélagið Skeljung. Á flutningamarkaði eru einnig Samskip sem tengjast ferðaskrifstofu og auk þess Vátryggingafélagi Íslands og Olíufélaginu h.f. Allt er þetta með líkum hætti og var árið 1993.

Stjórnunar- og eignatengsl hafa ekki verið mikið í sviðsljósinu hjá samkeppnisyfirvöldum annarra þjóða. En að undanförunu hafa þessi atriði notið vaxandi athygli og fyrirsjáanlegt er að þau verða í brennidepli víða um lönd í náinni framtíð.

Tilgangur þessarar skýrslu er fyrst og fremst að gefa yfirlit yfir íslenskt atvinnulíf með tilliti til atriða sem eru mikilvæg fyrir samkeppni. Eðlilegt framhald þessarar vinnu er síðan að fylgjast með hegðun einstakra fyrirtækja og „fyrirtækjablokka” með samkeppnislög að leiðarljósi.

Myndskýringar

Til að auðvelda lesanda skilning á framsetningu myndefnis í þessari skýrslu fylgja hér á eftir tvö dæmi til skýringar.

Texti með mynd 3.2.05.1

Á þessari mynd er bein eign Lífeyrissjóðs verslunarmanna sett fram sem litafylling neðst í hverjum ferningi. Þannig á Lífeyrissjóður verslunarmanna 9,1% í Íslandsbanka h.f. sem á 4,3% í Þróunarfélagi Íslands. Jafnframt er bein eign Lífeyrissjóðs verslunarmanna í Þróunarfélagi Íslands 12% sem sýnt er innan hornklofa þar sem ferningurinn rúmar ekki töluna. Tólf prósent litafylling kemur fram sem rauð rönd neðst í ferningnum.


Lína milli ferninga segir til um eignatengsl og örvaroddurinn bendir á eignina.

Lína með örvaroddum sýnir gagnkvæma eign á báðum endum. Þannig kemur fram að fyrir utan það að Lífeyrissjóður verslunarmanna á 2,8% í Skeljungu h.f., á Skeljungur h.f. 2,6% í Sjóvá-Almennum h.f. og Sjóvá-Almennar h.f. á 5,4% í Skeljungu h.f.

Stærð ferninganna segir til um hlutfallslega stærð fyrirtækis miðað við veltu. S.H. hf. er stærst en Sameinaða líftryggingafélagið er minnst.

Lifeyrissjóður verslunarmanna eignarhald og eignatengsl

Mynd
3.2.05.1



Litur segir til um eignaraðild úrtaks

Texti með mynd 3.2.23.1

Á þessari mynd er ör frá einum ferningi til annars sem segir til um eignatengsl.

Örvaroddurinn bendir á eignina og prósentutalan segir til um eignarhluta .

Dæmi: Burðarás á 31,4% í Flugleiðum.

Lína með örvaroddum á báðum endum segir til um gagnkvæma eign. Þannig á Skeljungur h.f. 2,6% í Sjóvá-Almennum hf. og Sjóvá-Almennar h.f. á 5,4% hlut í Skeljungi h.f.


Stærð ferninganna segir til um hlutfallslega stærð fyrirtækjanna miðað við veltu.

Ef ferningur er fylltur, gefur það til kynna að viðkomandi fyrirtæki (eða aðrir eigendur þess) sé í úrtaki. Litur í ferningi segir til um stærð fyrirtækis á sínum markaði (rautt: stærst, grænt: næststærst, blátt: þriðja stærsta, o.s.frv.). Burðarás er grámaður þar sem fyrirtækið er eignarhaldsfélag sem ekki er á markaði og því ekki borið saman við önnur félög. Félagið er alfarið (100%) í eigu Eimskipafélags Íslands.

Burðarás hf., Eimskipafélag Íslands., Flugleiðir hf.
Sjóvá-Almennar hf. Skeljungur hf.
 Innbyrðis eignarhald og eignatengsl

Mynd
 3.2.23.1

[100,0%]



Litir segir til um eignaraðild úrtaks